




AÐALSKIPULAG BLÁSKÓGABYGGÐAR 2015-2027

Skipulagslýsing – Breyting á aðalskipulagi

Flokkun landbúnaðarlands /

Hverfisvernd vegna votlendis

07.11.2024



1 EFNISYFIRLIT

2	INNGANGUR	3
3	TILGANGUR OG MARKMIÐ	4
3.1	Grunnflokkun landbúnaðarlands	4
3.2	Hverfisvernd votlendissvæða	4
4	GRUNNFLOKKUN LANDS – AÐFERÐAFRÆÐI	5
4.1	Votlendissvæði	5
4.2	Landbúnaðarland	5
4.3	Samráð og rýni grunnflokunar landbúnaðarlands	7
5	TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR	8
5.1	Landsskipulagsstefna 2024-2038	8
5.2	Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027	8
5.3	Vatnaáætlun 2022-2027	9
6	BREYTING AÐALSKIPULAGS	10
7	UMHVERFISMATSSKÝRSLA	10
7.1	Valkostir	10
7.2	Umhverfispættir og áherslur	10
8	SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ	12
8.1	Umsagnaraðilar	12
8.2	Skipulagsferlið	12

SKIPULAGSLÝSING

SKJALALYKILL

109537-LYS-001-V03

HÖFUNDUR

Sólveig Olga Sigurðardóttir, Sigmar Metúsalemsson, Brynja Rán Egilsdóttir

RÝNT

Ásgeir Jónsson

2 INNGANGUR

Sett er fram skipulagslýsing fyrir breytingu á Aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin snýr að grunnflokkun landbúnaðarlands og kortlagningu votlendissvæða.

Grunnflokkun landbúnaðarsvæða er ætlað að nýtast sveitarfélögum sem forsendur við skipulagsákvæðanir um landnotkun við gerð aðalskipulags, með það að markmiði að vernda sem mest land sem hentar vel til jarðræktar og matvælaframleiðslu. Stefnumörkun kann því takmarka möguleika landeigenda til nýtingar úrvals ræktunarlands til uppbyggingar og annarrar nýtingar sem hindrar ræktunarmöguleika. Kortlagning votlendissvæða er forsenda þess að mikilvæg votlendissvæði fái hverfisvernd. Markmið hverfisverndarinnar er að vernda þessi svæði til að viðhalda fuglalífi og fjölbreyttu náttúrufari og stuðla að skuldbindingum varðandi bindingu kolefnis í jarðvegi. Þá liggja fyrir alþjóðlegar skuldbindingar Íslands til að hægja á hnattrænni hlýnun, m.a. með að auka bindingu kolefnis í gróðri og jarðvegi, þ.m.t. votlendi. Samhliða verður stefnumörkun fyrir skógrækt uppfærð í samræmi við hverfisvernd og verndun landbúnaðarlands.

Í gildandi Aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015 – 2027 er gert ráð fyrir að unnin verði grunnflokkun landbúnaðarlands í sveitarfélaginu innan fjögurra ára, eftir að aðferðafræði liggur fyrir skv. landsskipulagi.

Skipulagslýsingin er sett fram í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og unnin í samræmi við grein 4.2. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013, með síðari breytingum. Með lýsingunni er íbúum og öðrum hagsmunaaðilum gefinn kostur á að koma með ábendingar og athugasemdir sem snúa að málefnum komandi skipulagsvinnu.

3 TILGANGUR OG MARKMIÐ

Við grunnflokkun landbúnaðarlands er lögð áhersla á að flokka land sem nýtist til ræktunar á matvælum og fóðri og er það gert í ljósi markmiða sem sett eru fram í jarðalögum nr. 81/2004 og sjónarmiðum um fæðuöryggi. Flokkuninni er ætlað að nýtast sveitarfélögum sem forsendur við skipulagsákvæðanir um landnotkun við gerð aðalskipulags.

Markmið með grunnflokkun landbúnaðarlands:

- Viðurkennt verði að vernda beri gott ræktunarland eins og aðrar auðlindir þjóðarinnar.
- Stuðla að því að góðu ræktunarlandi verði ekki spillt með því að ráðstafa því í annað.
- Tryggja sem best hnökralausa sambúð landbúnaðar, þéttbýlis og annarrar landnotkunar.

3.1 Grunnflokkun landbúnaðarlands

Grunnflokkun landbúnaðarlands er unnin út frá leiðbeiningum ráðuneytis [Landbúnaðarlandsleiðbeiningar.pdf](#) og verður vinnslutillaga kynnt landeigendum og hagsmunaaðilum, m.a. samhliða skipulagslýsingu. Sett verður stefna um nýtingu þess út frá niðurstöðunni, s.s. hvaða land er æskilegt að taka frá til matvælaframleiðslu til framtíðar.

Flokkun á landbúnaðarlandi er unnin í þremur skrefum:

1. Grunnflokkun landbúnaðarlands

Drög að grunnflokkun landbúnaðarlands kortlögð í landupplýsingakerfi út frá vistgerðum, landhalla, hæð yfir sjávarmáli og hitafari.

2. Samráð og rýni grunnflokunar landbúnaðarlands

Drög að grunnflokkun landbúnaðarlands yfirfarin af staðkunnugum, borin saman við önnur gögn, kynnt landeigendum, almenningi og öðrum hagsmunaaðilum og tekið á mótí ábendingum um það sem betur má fara.

3. Tillaga að grunnflokkun landbúnaðarlands

Að lokinni rýni er tillaga að grunnflokkun landbúnaðarlands fullunnin.

3.2 Hverfisvernd votlendissvæða

Samhliða grunnflokkun landbúnaðarlands var unnin kortlagning á votlendi í Bláskógabyggð með það að markmiði að fá nákvæmari gögn um útbreiðslu þeirra. Aðferðafræði við flokkun votlendissvæða hefur minna verið þróuð en beitt er nokkuð sambærilegum aðferðum og við grunnflokkun landbúnaðarlands.

Hverfisvernd er ákvæði sem sveitarstjórn setur um tiltekin svæði við gerð skipulagsáætlunar, án þess að til friðunar komi skv. öðrum lögum. Votlendissvæði hafa margvíslegt gildi, t.a.m. næringarfræðilegt gildi þar sem mýrar geyma verulegt magn kolefna, vistfræðilegt gildi sem mikilvægt búsvæði fugla og

plantna og vatnsfræðilegt gildi þar sem þau viðhalda jöfnu rennsli í ám og lækjum. Byggt á kortlagningunni, ásamt öðrum fyrirbyggjandi gögnum um votlendissvæði, verður sett fram tillaga að hverfisvernd nokkurra votlendissvæða til viðbótar við þau sem nú þegar eru í gildandi aðalskipulagi.

4 GRUNNFLOKKUN LANDS – AÐFERÐAFRÆÐI

4.1 Votlendissvæði

Samhliða grunnflokkun landbúnaðarlands var unnin kortlagning á votlendi í Bláskógabyggð, ætlunin var að taka til fyrirbyggjandi gögn og útbúa úr þeim landupplýsingaþekju sem sýndi votlendi í sveitarfélaginu.

Ekki er fyrirbyggjandi skilgreining á hvenær land telst til votlendis en gögn s.s. flokkun vistgerða gefa nokkuð góða vísbendingu.

Gögnin eru opin gögn Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ) og eru stafræn vistgerðakort sem ná yfir allt landið, stafrænt gróðurkort af Íslandi sem nær yfir hálendið auk nokkurra svæða á láglandi auk hnitsettra kortblaða með eldri gróðurkortlagningu. Við skoðun gagnanna reyndust vistgerðagögnin ekki alveg uppfylla kröfur um nákvæmni og því voru stafrænu gróðurkortin nýtt á þeim svæðum sem þau náðu að þekja. Þar sem eldri gróðurkort voru til staðar var sett inn afmörkun votlendis samkvæmt því en nákvæm afmörkun byggist á Maxar gervitunglumyndum með upplausn 0,3 til 0,5 metrar. Þar sem eingöngu voru vistgerðagögn fyrir hendi var unnin flokkun á gervitunglamyndum þar sem notuð voru Sentinel gögn frá Evrópsku geimferðastofnuninni. Notaðar voru 2 myndir við flokkunina teknar, 28. október 2022 og 8. ágúst 2023 og landgerðir flokkaðar eftir því hvort um væri að ræða votlendi eða ekki. Farið var yfir gögnin með vistgerðakortlagningu NÍ til hliðsjónar auk Maxar gervitunglamyndanna.

Að þeirri vinnu lokinni varð til kort sem sýnir áætlaða útbreiðslu votlendissvæða innan Bláskógabyggðar, sem verður skýringarmynd með aðalskipulagi, auk þess sem birt er á meðfylgjandi uppdrætti skipulagslýsingar tillaga sem notuð verður til að afmarka ný hverfisverndarsvæði í aðalskipulagi. Nánari afmörkun má einnig finna í kortavefsjá; [Votlendi | Bláskógabyggð flokkun landbúnaðarlands \(arcgis.com\)](#)

4.2 Landbúnaðarland

Við grunnflokkun landbúnaðarlands er stuðst við aðferðafræði sem kallast fjölpátta greining í landupplýsingakerfi eða (e. GIS based - Multi Criteria Decision Analysis) Aðferðin felst í því að kortleggja áhrifaþætti sem eru náttúrufarslegir þættir er hafa áhrif á hversu vel land hentar til landbúnaðar. Áhrifaþættirnir eru 4 og eru:

- Hæð yfir sjávarmáli
- Landhalli
- Hitafar; daggráður
- Vistgerðir

Hver áhrifaþáttur er metinn og fær hæfiseinkunn á skalanum 0-10 eftir hentugleika til ræktunar, þar sem hærri tala segir að land hæfi betur til ræktunar, t.d. fær flatlent land hærri hæfiseinkunn en brattlendi fyrir áhrifaþáttinn landhalli.

Að greiningunni lokinni er landbúnaðarlandi skipt í fjóra flokka:

Flokkur I

Mjög gott ræktunarland.

Einkunn 9,5-10.

Land sem er mjög gott til ræktunar, að hluta til land sem er nú þegar ræktað eða framræst, a.m.k. að hluta. Vistgerðir henta mjög vel til ræktunar, oftast sléttlendi í lítilli hæð yfir sjó og hitafar hagstætt til akuryrkju. Halli að jafnaði innan við 4% og hæð undir 100 m.h.y.s.

Flokkur II

Gott ræktunarland.

Einkunn 8,5 – 9,5.

Land sem er alla jafna gott ræktarland. Vistgerðir henta vel til ræktunar, þó heldur lakari en í flokki I. Meiri líkur á grjóti eða að landið sé mýrlent og hafi ekki verið framræst. Land oft í meira landslagi, herra yfir sjó eða í meiri landhalla. Hitafar þokkalega hagstætt til akuryrkju. Halli að jafnaði innan við 8% og hæð undir 200 m.h.y.s.

Flokkur III

Sæmilegt ræktunarland.

Einkunn 7,0 – 8,5

Land sem er sæmilegt ræktunarland en getur hentað betur til beitar eða skógræktar, en flatlendari svæði geta verið nýtt til túnræktar. Halli, hitafar og hæð yfir sjávarmáli getur haft neikvæð áhrif á möguleika til akuryrkju og á vistgerðir, jarðvegur getur verið þunnur, blautur og/eða grjót. Halli að jafnaði undir 12% og hæð undir 300 m.h.y.s.

Flokkur IV

Lélegt ræktunarland.

Einkunn 0 – 7,0

Land sem hentar ekki vel til tún- eða akuryrkju, er lélegt til ræktunar en getur hentað til beitar eða skógræktar. Á svæðinu geta verið vistgerðir og/eða jarðvegsgerðir sem eru illræktanlegar, halli lands getur verið of mikill eða landið legið hátt yfir sjó. Þarna getur einnig verið manngert umhverfi eins og þéttbýli eða vegir. Landið getur hentað til útivistar og í sumum tilvikum til skógræktar.

Einn helsti kostur þess að nýta þessa aðferðafræði við grunnflokkun á landbúnaðarlandi er að unnt er að ná yfir stór landsvæði á nokkuð einfaldan og samræmdan hátt.

Þessi aðferð býður einnig upp á að taka tillit til samlegðaráhrifa þeirra áhrifaþátta sem liggja til grundvallar flokkuninni. Með því að leggja saman áhrifaþætti með tilliti til vægis þeirra eru svæði ekki endilega útilokuð þó svo þau séu talin mjög léleg með tilliti til ákveðins áhrifaþátta, ef aðrir áhrifaþættir benda til þess að um gott ræktunarland sé að ræða. Þannig geta t.d. svæði ofan tiltekinnar

hæðar yfir sjó eða í tilteknum landhalla, sem talinn er erfiður, verið gott ræktunarland, ef öll önnur viðmið benda til þess að svæðið sé mjög gott til ræktunar. Niðurstaða grunnflokunar landbúnaðarlands með þessari aðferð er því ekki háð tilteknum skilyrðum, eins og að besta landið verði að vera neðan við tiltekna hæð yfir sjó eða á tilteknu landhallabili, heldur er tekið mið af fleiri viðmiðum sem hafa áhrif á hæfni landsins og horft á þau öll samtímis.

Helsti annmarki aðferðarinnar tengist nákvæmni gagnanna. Vistgerðakort eru unnin að miklu leyti með fjarkönnun þó svo að vettvangsathuganir hafi einnig verið veigamikill þáttur í vinnslu þeirra. Viðmiðunarmælikvarði fyrir vistgerðakortið er 1:25.000 og gefur það mjög góða mynd af landinu. Ávallt þarf að hafa nákvæmni og áreiðanleika grunn gagnanna í huga þegar niðurstöður úr flokkun sem þessari eru túlkaðar því niðurstaðan getur aldrei orðið nákvæmari en gögnin sem notuð eru. Vegna lítillar nákvæmni er jarðvegskort sem er gefið var út með viðmiðunarmælikvarðanum 1:250.000 ekki nýtt beint inn í greininguna en þau gögn eru höfð til hliðsjónar til að rýna niðurstöðu greiningarinnar.

Niðurstaða grunnflokunar landbúnaðarlands er fengin með því að leggja alla áhrifaþættina saman að teknu tilliti til vægis þeirra. Niðurstaða er sett fram á korti þar sem svæði fá einkunn á bilinu 0 – 10, svæði sem fá gildið 10 henta mjög vel til ræktunar en svæði sem fá gildið 0 er lélegt eða illræktanlegt land.

Niðurstaðan á þessum tímapunkti er byggð á gögnum og gefur nokkuð góða vísbindingu um grunnflokun landbúnaðarlands. Áður en sveitarfélög leggja fram sína tillögu að flokkun landbúnaðarlands, þá þarf að fara yfir niðurstöðuna og bera hana saman við þekkingu staðkunnugra og önnur gögn t.a.m. um ræktuð tún, skóglendi, jarðvegsþykktir og önnur staðbundin gögn.

4.3 Samráð og rýni grunnflokunar landbúnaðarlands

Drög að grunnflokun landbúnaðarlands yfirfarin af staðkunnugum, borin saman við önnur gögn, kynnt landeigendum, almenningi og öðrum hagsmunaaðilum og tekið á móti ábendingum um það sem betur má fara.

Þegar tillaga að grunnflokun landbúnaðarlands liggur fyrir þá er hún yfirfarin áður en til verður flokkun sem nýtt verður við stefnumótun sveitarfélagsins. Ýmsar leiðir eru færar til að rýna grunnflokun landbúnaðarlands.

- Farið er yfir drögin með staðkunnungum og gögn lagfærð.
- Grunnflokun kynnt landeigendum, almenningi og öðrum hagsmunaaðilum, sem geta sent inn ábendingar um hvað betur má fara.
- Drögin eru rýnd með tilliti til annarra tiltækra gagna t.d. loftmynda, kortlagningar á jarðvegi, jarðfræðikortlagningar, kortlagningar á túnnum, upplýsingum um skóga o.sv.fr.

Að lokum verður til kort sem ber heitið [Grunnflokkun landbúnaðarlands](#) sem er skýringaruppdráttur með aðalskipulagi sem sýnir grunnflokun landbúnaðarlands innan Bláskógabyggðar í fjóra flokka. Einnig er kortavefsjá, sem sýnir grunnflokun landbúnaðarlands; [Bláskógabyggð flokkun landbúnaðarlands \(arcgis.com\)](#)

5 TENGSL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

5.1 Landsskipulagsstefna 2024-2038

Landsskipulagsstefna felur í sér samræmda stefnu ríkisins í skipulagsmálum fyrir landið í heild og tekur til landsins alls og haf- og strandsvæða.

Áhersla B.2: Skipulag verði loftslagsmiðað og feli í sér samþætta stefnu um byggðapróun í þéttbýli og dreifbýli þar sem vexti verði beint að þeim byggðarkjörnum sem fyrir eru, með áherslu á búsetufrelsi og að draga úr ferðapörf.

Framfylgd við skipulagsgerð:

1. Skipulag landnotkunar í dreifbýli styðji við búsetu og samfélag í dreifbýli með langtímasýn um ráðstöfun lands til nýtingar og verndar og samþættri stefnu um byggðapróun í þéttbýli og dreifbýli. Ákvarðanir um ráðstöfun lands fyrir uppbyggingu taki mið af staðareinkennum, svo sem víðernum, sérkennum landbúnaðarlands, verndarsvæðum, varðveislu nytjalands og menningarlandslags. (D)

Áhersla C.8: Skipulag stuðli að möguleikum á fjölbreyttri og hagkvæmri nýtingu landbúnaðarlands í sátt við umhverfið og stuðli að auknu fæðuöryggi þjóðarinnar.

Framfylgd við skipulagsgerð:

1. Við skipulagsgerð í dreifbýli verði landi sem hentar vel til ræktunar matvæla almennt ekki ráðstafað til annarra nota með óafturkræfum hætti, svo sem til skógræktar. (D)
2. Skipulagsákvæðanir um ráðstöfun lands til landbúnaðar og annarrar nýtingar byggist á flokkun landbúnaðarlands með tilliti til ræktunarskilyrða, auk landslagsgreiningar og vistgerðaflokkunar. (D)
3. Ákvarðanir um uppskiptingu lands byggist á skipulagsáætlunum. (D)
4. Stefna í skipulagsáætlunum um ræktun stuðli að framleiðslu afurða með lítið kolefnisspor. (D)
5. Í skipulagi dreifbýlis verði stutt við fjölbreytta nýtingu landbúnaðarlands, svo sem í tengslum við nýsköpun og ferðapjónustu. (D)

5.2 Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027

Aðalskipulagið var staðfest í 1. maí 2018. Í stefnu aðalskipulagsins kemur m.a. fram að markmið með gerð þess sé að stuðla að „skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja vernd landslags, náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu með sjálfbæra þróun að leiðarljósi“ sbr. 1 gr. skipulagslaga nr. 123/2010, lið b.

Landbúnaðarsvæði

Landbúnaðarsvæði er skv. gr. 6.2. í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, skilgreint sem „Svæði fyrir landbúnað og mannvirki sem tengjast búrekstrinum, með áherslu á búfénað, matvæla- og fóðurframleiðslu“.

Í markmiðum um landbúnaðarsvæði segir:

- Góð landbúnaðarsvæði verða áfram nýtt til landbúnaðar.
- Landbúnaður, þ.m.t. ylrækt og garðrækt, verði áfram stundaður á bújörðum með eðlilegum þróunarmöguleikum ýmissa atvinnugreina sem henta á slíkum svæðum.
- Landbúnaður verði eflur sem atvinnugrein og leitað leiða til uppbyggingar stoðgreina hans.
- Forðast skal að setja gott landbúnaðarland undir samfellda skógrækt.
- Landnýting sé í sátt við náttúruna.
- Stuðlað skal að verndun umhverfis og lífríkis fallvatna til að efla fiskgengd og veiðimöguleika.

Hverfisvernd

Hverfisvernd er alhliða vernd sem getur tekið til náttúruminja, landslags eða fornleifa án þess að um friðun sé að ræða. Mörg þessara svæða hafa einnig nokkuð útivistargildi. Sveitarstjórn setur fram í aðalskipulagi hvaða þættir á viðkomandi svæði skulu njóta tiltekinnar verndar. Ennfremur hvaða réttindi og kvaðir eru samfara hverfisvernd og geta takmarkað framkvæmdir og landnotkun svæðisins.

Í gildandi aðalskipulagi eru 22 skilgreind hverfisverndarsvæði og þar að auki nokkur svæði vaxin birkiskógum- og kjarri ásamt lindasvæðum bæði í byggð og á afrétti.

5.3 Vatnaáætlun 2022-2027

Fyrsta vatnaáætlun Íslands var staðfest árið 2022 á grunni laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011 en markmið þeirra er að vernda allt vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnvistkerfa til að vatn njóti heildstæðar verndar. Að auki er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtíma verndar vatnsauðlindarinnar.

6 BREYTING AÐALSKIPULAGS

Breytingarnar verða settar fram á uppdráttum og greinargerð.

Gert er ráð fyrir að bætt verði við svæðum í aðalskipulag, sem sýni hverfisvernd votlendissvæða og settir skilmálar um heimilaða landnotkun innan viðkomandi verndarsvæða.

Landbúnaðarlandi verður skipt upp í samræmi við grunnflokkun og settir skilmálar sem takmarka landnýtingu í flokki I og e.t.v. einnig í flokki II. Skilmálar landbúnaðarlands verða uppfærðir varðandi takmarkanir á uppbyggingu á góðu landbúnaðarlandi og samhliða verður stefna um skógrækt í sveitarfélaginu uppfærð og settir skilmálar varðandi takmarkanir á góðu landbúnaðarlandi.

7 UMHVERFISMATSSKÝRSLA

Aðalskipulagsbreytingin fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Með breytingunni er mörkuð stefna um framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umhverfisáhrif. Meta skal líkleg áhrif af fyrirhuguðum framkvæmdum og starfsemi á aðliggjandi svæði og einstaka þætti áætlunarinnar sjálfrar, eftir því sem við á, skv. skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Matinu er ætlað að upplýsa um möguleg áhrif af stefnu skipulagsins og finna leiðir til að draga úr mögulegum neikvæðum umhverfisáhrifum.

7.1 Valkostir

Stefna í gildandi aðalskipulagi (núll kostur) verður borinn saman við hugmyndir um breytt aðalskipulag.

7.2 Umhverfispættir og áherslur

Í umhverfismatsskýrslu með aðalskipulagsbreytingunni verða áhrif á umhverfispætti skoðuð og þeir metnir í samræmi við stefnuskjöl og viðmið. Yfirlit yfir mögulegar meginspurningar í umhverfismatsskýrslu er að finna í töflu 2. Viðmið fyrir hvern umhverfispátt eru sett með tilliti til laga og reglugerða, stefnuskjala sveitarfélagsins auk viðmiða í opinberum stefnuskjöllum og/eða alþjóðlegum skuldbindingum.

TAFLA 1. Umhverfisþættir, viðmið og matsspurningar.

UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNINGAR	VIÐMIÐ
Land og landslag <i>Landslag.</i> <i>Jarðvegur – jarðvegsrof.</i> <i>Ásýnd og sjónræn áhrif.</i>	Hefur stefnan áhrif á landslag og náttúrulegt yfirbragð svæðisins? Hefur stefnan áhrif á ásýnd svæðis? Hefur stefnan áhrif á jarðveg?	Landsskipulagsstefna 2015-2026. Stefna Aðalskipulags Bláskógabyggðar. Náttúruverndarlög nr. 60/2013 Vistgerðarkortlagning Náttúrufræðistofnunar.
Gróður og dýralíf <i>Gróðurlendi og vistkerfi.</i> <i>Fuglaverndun.</i>	Hefur stefnan áhrif á gróður og vistkerfi? Hefur stefnan áhrif á búsvæði dýra?	Landsskipulagsstefna 2015-2026. Stefna Aðalskipulags Bláskógabyggðar. Náttúruverndarlög nr. 60/2013 Vistgerðarkortlagning Náttúrufræðistofnunar. Lög um skóga og skógrækt nr. 33/2019.
Samfélag <i>Áhrif á atvinnulíf.</i> <i>Áhrif á íbúapróun og styrkingu byggðar.</i> <i>Matvælaframleiðsla og fæðuöryggi.</i> <i>Loftslagsmál.</i>	Hefur stefnan áhrif á atvinnulíf svæðisins? Hefur stefnan áhrif á útivistarmöguleika íbúa? Hefur stefnan áhrif á íbúapróun og styrkingu byggðar? Hefur stefnan áhrif á matvælaframleiðslu og fæðuöryggi? Hefur stefnan áhrif á loftslagsmál?	Landsskipulagsstefna 2015-2026. Stefna Aðalskipulags Bláskógabyggðar. Matvælastefna Íslands til ársins 2030. Lög um skóga og skógrækt nr. 33/2019.
Náttúru- og menningarminjar <i>Friðlýst svæði eða svæði á náttúruminjasrá.</i> <i>Fornminjar.</i>	Hefur stefnan áhrif á verndarsvæði? Hefur stefnan áhrif á náttúru- og menningarminjar?	Stefna Aðalskipulags Bláskógabyggðar. Náttúruminjasrá. Aðalskráning fornminja.
Jarðmyndanir.	Hefur breytingin áhrif á jarðmyndanir sem njóta verndar eða þykja sérstæðar?	Lög um náttúruvernd nr. 60/2013, áhersla á 61. gr.
Grunnvatn.	Hefur stefnan áhrif á mögulega mengunarhættu	Vatnaáætlun 2022-2027.

8 SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ

Með kynningu skipulagslýsingar er umsagnaraðilum, hagsmunaaðilum og almenningi gefinn kostur á að leggja fram sjónarmið og ábendingar sem að gagni gætu komið við mótun stefnunnar.

Skipulags- og matslýsingin verður kynnt með auglýsingu í blöðum/dreifiritum og í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast í skipulagsgátt fyrir auglýstan tímafrest.

Gert er ráð fyrir íbúafundi í byrjun desember, til að kynna skipulagslýsingu, þar sem aðferðafræði og tillaga breytingar verður nánar kynnt íbúum og hagaðilum.

8.1 Umsagnaraðilar

Óskað verður eftir umsögnum frá eftirtöldum aðilum:

- Náttúrufræðistofnun
- Land og skógur
- Umhverfisstofnun
- Minjastofnun Íslands
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

Eftir atvikum verður leitað eftir umsögnum annarra aðila, þar á meðal innan stjórnsýslu sveitarfélagsins.

8.2 Skipulagsferlið

